

Fundargerð svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fundurinn haldinn í Kjarna á Laugum föstudaginn 25 september 2015 kl. 13:30.

Mættir: Arnheiður Jóhannsdóttir tilnefnd af ferðamálasamtökum, Grétar Ingvarsson tilnefndur af frjálsum félagasamtökum, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum, Ásvaldur Þormóðsson tilnefndur af Þingeyjarsveit, Óli Halldórsson tilnefndur af Norðurþingi, Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður og Böðvar Pétursson tilnefndur af Skútustaðahreppi, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. **Fundarsetning:** Böðvar setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa. Fór yfir ýmsar praktískar hliðar svæðisráðs s.s. greiðslu kostnaðar, fundarlaun og fleira. Fór yfir dagskrá og var hún samþykkt.
2. **Kosning formanns og varaformanns:** Böðvar gerði tillögu um Óla Halldórsson sem formann og Böðvar Pétursson sem varaformann. Samþykkt samhljóða.
3. **Helstu verkefni á norðursvæði:** Hjörleifur Finnsson kynnti starfsemi norðursvæðis. Fór yfir þróum starfsmannamála, bæði heilsárs og sumarstarfsmanna. Kynnti einnig þróun í fjölda ferðamanna á norðursvæði. Telur að veruleg þörf sé á fjölgun heilsársstarfsmanna og einnig sumarstarfsmanna. Fór yfir sumarið og heilt yfir vantaði Íslendinga á tjaldsvæðin í júlí. Margir dagar í september betri en júlídagar.
4. **Fjármál 2015 og fjárlagatillögur 2016:** Hjörleifur kynnti fjárhagsrammann fyrir árið 2015 og er útlit fyrir að það vanti hátt í 10 milljónir upp á sértekjur ársins á norðursvæði. Samkvæmt tillögum að fjárlögum ársins 2016 þá er gert ráð fyrir sama ramma í grunninn og fyrir árið 2015. Svæðisráð er sammála um að það séu 3 meginverkefni sem þarf að tryggja fjármagn til á árinu 2016. Heilsársopnun á gestastofunni í Ásbyrgi, aukna landvörslu við Dettifoss og landvörslu við Holuhraun. Miðað við fyrirliggjandi fjárlagatillögur er það verðugt verkefni.
5. **Ferð að Svartá vegna rafstöðvar fyrir neyðarlínuna:** Fyrir lá minnisblað Hönnu Kötu og myndir sem teknar voru í skoðunarferð sem farin var á svæðið 25 ágúst. Böðvar og Grétar fóru yfir myndirnar og útskýrðu hvað sást á myndunum og lístu sinni tilfinningu fyrir verkefninu.
6. **Önnur mál:** Óli og Hjörleifur útbúa fundarplan sem nær a.m.k. fram í janúar. Öðrum öðrum málum frestað til næsta fundar.

Fleira ekki bókað fundi slitið 15:25.

BP